

Nr. 2.

2

3. janúar.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 3.

5. janúar.

REGLUGERÐ

um Fræðslumyndasafn ríkisins.

1. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins er stofnað með lögum nr. 54 1961.

2. gr.

Tilgangur þess er að afla með kaupum, eigin framleiðslu eða lánnum fræðslukvikmynda og kyrrmynda til þess að lána skólum, félögum, menningarstofnunum og einstaklingum.

3. gr.

Fræðslumyndasafnið getur krafizt leigu fyrir myndir, sem lánaðar eru úr safninu, og setur um það sérstakar reglur. Lántakendum ber að hlíta reglum safnsins um lánstíma að viðlögðum dagsektum, ef út af ber. Ekki er lántakendum heimilt að lána öðrum myndir safnsins, nema samþykki forstöðumanns komi til. Þeir eru bótaskyldir fyrir skemmdir, sem kunna að verða á filmunum í vörzlu þeirra.

4. gr.

Fræðslumyndasafnið vinnur að því að glæða skilning manna á notkun kyrrmynda og kvikmynda til menningar og fræðslu með því að koma á framfæri leiðbeiningum, prentuðum eða fjölrituðum, halda námskeið, flytja erindi og hafa sýningar á völdum myndum. Svo oft sem þörf er á, er gerð og gefin út skrá um myndir safnsins eða viðauki við eldri skrár.